

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 132. löggjafarþings, frá 9. desember 2005 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 17. janúar 2006.

*Gjört á Bessastöðum, 8. desember 2006.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Haldór Ásgrímsson.*

Alþingi samþykkti hinn 9. desember 2005 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 132. löggjafarþings, frestað hinn 9. desember 2005.

*Forsætisráðuneytinu, 12. desember 2005.*

**Haldór Ásgrímsson.**

*Bolli Þór Bollason.*